Samband íslenskra sveitarfélaga

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 23. júní 2026

2509272SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: Framboðsfrestur til formanns Sambandsins

Í sumar fer fram rafræn kosning formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Framboðsfrestur til formannskjörs er til og með 15. júlí nk., kjörgengir eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórn. Þeir sem ætla að bjóða sig fram er bent á að tilkynna það með því að senda tölvupóst á frambod@samband.is.

Rétt til þátttöku í formannskosningu eiga landsþingsfulltrúar og skal rafræn kjörskrá liggja fyrir 20. júlí nk. og vera byggð á kjörbréfum sem hafa borist frá sveitarfélögum fyrir 15. júlí nk. Það er því mikilvægt að kjörbréf berist Sambandinu á samband@samband.is fyrir þann tíma.

Kosningin skal hefjast 15. ágúst nk. og standa í tvær vikur. Úrslit skulu kynnt þegar þau liggja fyrir. Frekari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur kosningum.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri þjónustusviðs